

Sæbýli ehf.  
Búðarstíg 23  
820 Eyrarbakki

Akureyri, 19.6.2023  
UST202306-007/G.S.Á.  
08.12.02

## Efni: Lokunareftirlit þann 01.06.2023– Sæbýli ehf., Eyrarbakka

Þann 1. júní sl. fór fram rafrænt lokunareftirlit í fiskeldisstöð Sæbýli ehf., Eyrarbakka. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávík frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirlitinu er varðar að ekki var tilkynnt um rekstrarstöðvun þegar rekstri í stöðinni var hætt. Engin ábending var sett fram. Staðfest er að allri starfsemi hefur verið hætt í stöðinni og hefur henni lokað. Húsnæði og lóð hefur verið afhent nýjum aðilum.

### Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 1.4 og 2.8 í starfsleyfi. Rekstraraðila láðist að láta eftirlitsaðila vita um stöðvun rekstursins. Húsnæði og lóð rekstraraðila hefur nú verið afhent þriðja aðila og engar athugasemdir hafa borist vegna þess. **Ekki þykir ástæða til að ætla að um mengun á lóðinni hafi verið að ræða og eldisbúnaður utandyra var enginn. Því er frávíkinu lokað og ekki verður farið í eftirfylgni vegna þess.**

**Umhverfisstofnun staðfestir lokun stöðvarinnar og gerir ekki athugasemdir við frágang svæðisins.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri